

að gera það fyrir Jesúni að lýsa.“ — Maðurinn var faðir Grétu.

Þennan dag horfði Jesús niður til Grétu og sagði: „Hún gerði það, sem hún gat.“ Og hann blessaði hana.

„Eg held eg gangi ekki út mér til skemtunar í kvöld“ — sagði Helena. „Eg ætla að ljúka við kjólinn hennar mömmu. Eg get það, ef eg bara vil.“

„Nei, hvað er þetta, barn! Ertu enn þá að sauma? Eg hélt þú hefðir gengið út þér til skemtunar?“ — sagði móðir hennar. Hún kom inn til hennar.

„Ó, nei! Eg fór ekki. Kjóllinn þinn sýndist vera í „króknum“ mínum, svo eg hugsaði mér að ljúka við hann.“

„Í króknum þínum!“ — hafði móðir hennar upp eftir henni. Hún vissi ekki, hvað hún átti við. Helena sagði henni þá söguna.

Þegar presturinn kom um kvöldið, til þess að vitja um manninn hennar, tók hún fram tíu dollara, sem hún hafði ætlað sér að gefa til heiðingja-trúboðsins. En þá hugsar hún með sjálfri sér: „Eg býst við, að eg geti gefið meira. Barnið mitt litla reynir að gera það, sem því er unt í eldhúsinu. En geri eg það, sem mér er unt? — Eg læt það vera 25 dollara.“

Verndar-engill Grétu hvíslaði að öðrum engli: „Gréta litla gaf 25 dollara í dag handa fólkinu okkar í Indlandi.“

„25 dollara? — Er það satt? Eg hélt hún væri fátæk“ — svaraði engillinn.

„Ó, já! Fátæk er hún. En faðir hennar á hinnum er ekki fátækur. Það veistu. Hún gerði sitt. Hann gerði lítt.“

En Gréta litla vissi ekki um neitt af þessu. Næsta morgun hélt hún áfram að fægja hnifana sína, söng og var kát.

Víða' er ljósvant hjá lýðum.

Oss lýsa ber —

í króknum litla þínum þér,

í mínum mér.

HVERS VEGNA FER ÞÚ Í SUNNUDAGS- SKÓLANN?

Ef eg spyrdi börnin að þessari spurning, mundu sum svara: „Af því mamma mín vill það.“ Sum mundu segja: „Af því jólin koma bráðum, og eg fæ fallega gjöf á jólatrénu, ef eg fer í sunnudagsskólann.“ En börnin mundu ekki öll svara þannig. Mörg, jafnvel flest, mundu svara: „Af því eg vil það; eg vil fara í sunnudagsskólann. Eg vil læra að syngja svörin og sálmanna. Eg vil læra að lesa í biblíunni, og læra um góðu mennina, sem þar er sagt frá. Eg vil læra um guð, og eg vil læra um